

Starfsreglur
um breytingu á starfsreglum um kjaranefnd Þjóðkirkjunnar nr. 12/2021-2022,
með síðari breytingum.

1. gr.

Í 3. gr. fellur orðið „ótakmarkað“ brott.

Við 3. gr. bætist nýir málsl. svo hljóðandi:

Samningar kjaranefndarinnar skulu undirritaðir með fyrirvara um samþykki kirkjuþings.

Samþykki stjórn kjarasamningana leggur hún þá fyrir kirkjuþing til samþykktar eða synjunar.

2. gr.

Við 2. mgr. 4. gr. bætist við orðin: og ákvörðunum um þóknanir og þingfararkaup.

Við 4. gr. bætist ný mgr. svo hljóðandi:

Birta skal á opnu vefsvæði þjóðkirkjunnar, kjarasamninga sem kjaranefnd gerir. Einnig skal birta ákvarðanir kjaranefndar um laun biskups og vígslubiskupa, ákvarðanir um aðrar greiðslur svo og upplýsingar um laun og þóknanir.

3. málsl. 5. tl. 2. gr. starfsreglnanna fellur brott.

3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Samþykkt á kirkjuþingi 15. mars 2025 og birt á opnum vef kirkjunnar sama dag.

Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings.